Nýútkomið í A.-deild Stjórnartíðindanna.

Konungsbrjef um setning alþingis, dags. á Amalíuborg 15. maí 1891 (A. nr. 7, bls. 16—17).

Konungsbrjef um lenging alþingistímans, dags. á Amalíuborg 15. maí 1891 (A. nr. 8, bls. 18—19).

Auglýsing um þyngdartakmörk og burðargjald fyrir böggla, er senda á milli hins danska og hins íslenzka póstumdæmis, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland og innanríkisráðgjafanum 23. júní 1891 (A. nr. 9, bls. 20—21).

Auglýsing um að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 13. janúar 1891 skuli úr gildi felld (A. nr. 10, bls. 22—23.

Reglugjörð

74

3. júní

fyrir Eyjafjarðarsýslu um fjallskil og melrakkaveiðar.

Amtsráðið í norður- og austuramtinu gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda er hjer með staðfest og löggilt eftirfylgjandi Reglugjörð fyrir Eyjafjarðarsýslu, um fjallskil og melrakkaveiðar, sem samin er af sýslunefndinni þar, og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. jan. 1892.

1. Kafli.

um fjallskil o. fl.

1. gr.

Eyjafjarðarsýsla er eitt fjallskilafjelag, sem skiptist í smærri og stærri deildir eptir því sem landi hagar og fjöll eða vatnsföll deila. Sýslunefndin skiptir fjelaginu í deildir þessar, og skal rita þær með tölu og ummerkjum í eina skrá, sem innfærð sje í fjallskilabók hvers hrepps. Þessari deildarskipun má sýslunefndin breyta seinna ef þurfa þykir.

2. gr.

Yfirstjórn allra fjelagsdeildanna hefur sýslunefndin á hendi, samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, en hreppsnefndir hafa að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd á fjallskilamálum á hendi innbyrðis í deildunum. Nú eru 2 eða fleiri hreppar sameinaðir í eina fjallskiladeild, og hefur þó hver hreppsnefnd tjeð störf á hendi fyrir sinn hrepp, en stendur í nauðsynlegu sambandi við hinar aðrar hreppsnefndir í þeirri deild, eptir því sem fyrirmælt er síðar í þessari reglugjörð. Veita hreppsnefndir sömu deild hver annari alla þá aðstoð, sem þær geta í tje látið, til fjallskilanna og annara starfa í fjelagsins þarfir. Sýslunefndin ákveður hverja afrjetti og heimalönd hver hreppsnefn hefur til umsjónar.

3. gr.

Allt land skiptist í afrjetti og heima lönd eða búfjárhaga. Það skulu vera afrjettir sem að fornu hafa verið. Svo getur og sýslunefndin ákveðið nýja afrjetti eptir uppástungum hreppsnefndanna, þó með samþykki þeirra landeiganda, er hlut eiga að máli.

22. dag júlímán. 1891.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1891.

74 3. júní

4. gr.

Hver hreppsnefnd ákveður í sínum hrepp takmörkin á milli afrjetta og búfjárhaga, eptir að hún hefur borið sig saman um það við landeigendur, og aðra þá, sem hlut eiga að máli. Síðan semur sýslunefndin skrá yfir alla afrjetti í sýslunni með tölu og ummerkjum, og skal rita hana í fjallskilabók hvers hrepps. Skal í skrá þessari framtekið, undir hverja fjelagsdeild hver afrjettur heyrir.

5. gr.

Hver búandi, sem á trippi, stóðhross eða 10 geldkindur, eldri en lömb, er skyldur að reka þær á afrjett. Haldi hann hjú eða húsmenn, sem fje eiga, telst það með hans fje. Eigi einhver færri geldkindur en nú er mælt, er honum vítalaust þó hann reki þær með lömbum sínum, og teljast þær þá með þeim. Brjóti nokkur hjer á móti varðar það sektum.

6. gr.

Allt geldfje, stóðhross og trippi skal á afrjett komið þegar 8 vikur eru af sumri, nema ótíð eða gróðrarleysi banni. Reka skal í miðjan afrjett nema afrjettareigandi eða hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið, og varðar sektum ef út af er brugðið.

7. gr.

Afrjettareigandi, eða hver sá, er notar frían upprekstur á almenning, er skyldur að sjá um nægilega fyrirstöðu á öllu afrjettarfje og trippum, að viðlögðum sektum eptir málavöxtum.

8. gr.

Nú gengur peningur samt á sumrum úr afrjetti og í búfjárhaga manna, skal þá hreppsnefnd annast um, að hann sje af þeim, er fyrir verða, smalaður og rekinn til afrjettar á kostnað afrjettareiganda svo opt sem þurfa þykir. Svo skulu þeir haga hreinsuninni og rekstri fjárins á afrjett, að fje og trippum verði sem minnst mein að. Brjóti nokkur hjer á móti verður hann sekur eptir málavöxtum.

9. gr.

Fjárrjettir skiptast í aðalrjettir og aukarjettir. Ákveður sýslunefndin eptir uppástungum hlutaðeigandi hreppsnefnda, hverjar rjettir skuli vera aðalrjettir og hverjar aukarjettir. Hver aukarjett heyrir undir einhverja aðalrjett og skal þar jafnan rjettað, þegar því verður viðkomið, næsta dag á undan aðalrjett þeirri, er hún heyrir undir. Skal úrtýningsfje úr aukarjettinni ganga til aðalrjettarinnar og dragast þar upp. Sýslunefndin semur skrá yfir allar fjárrjettir sýslunnar, eins aukarjettir sem aðalrjettir. Skal þar fram tekið hverja afrjetti og búfjárhaga ganga skal að hverri rjett og hverja daga þar skal rjetta. Skrá þessa skal síðan rita í fjallskilabók hvers hrepps.

10. gr.

Það er skylda allra upprekstrarmanna, að byggja fjárrjettir og viðhalda þeim í sameiningu, svo sem þörf er á. Skulu þeir leggja þar til skylduvinnu, eptir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður. Hver fjáreigandi er skyldur til að sjá sjer sjálfur fyrir dilkrúmi á þeirri rjett, sem hann á sókn að, handa öllu því fje, er hann á á afrjetti og eins þó það gangi að tveim rjettum. Hver sem eigi vinnur þá skylduvinnu að fjárrjettum, er á hann skiptist, eða vanrækir að hafa forsvaranlegt dilkrúm, verður sekur eptir málavöxtum

11. gr.

Nú þykir þörf á að fjölga fjárrjettum, eða færa þær af þeirra fyrri stöðvum og

á annan hentari stað, skal þá hreppsnefnd sú, er hlut á að máli, bera málefnið undir atkvæði hreppsbúa á næsta vorþingi. Sje um það að gjöra, að byggja aukarjett, eða færa hana úr stað, ræður atkvæði hreppsbúa málinu til fullnaðarlykta. En skuli ákvörðun gjöra um aðalrjett, skal leita samþykkis sýslunefndarinnar fyrir henni. Skyldur er hver að leggja land til undir fjárrjett, valdi það eigi skemmdum á túni eða engjum. 74 3. júní

12. gr.

Hver sem á með sig sjálfur, hvort heldur hann er búandi eða búlaus, sem á 10 kindur á afrjetti að lömbum meðtöldum, er skyldur að leggja til 1 mann í einar göngur á hverju hausti. En sá, sem á 20 kindur, 1 mann í 2 göngur, og sá, sem á 30 kindur, skal leggja til 1 mann í þrennar göngur. Um tillög þeirra manna til fjallskila, sem fleira fje eiga á afrjetti, en nú var mælt, fer eptir því, sem hlutaðeigandi hreppsnefnd ákveður.

13. gr.

Sá er gildur til fjallskila, sem er fullra 14 ára að aldri, enda sje hann eigi ófær til þeirra fyrir sakir elli, sjúkdóms, drykkjuskapar, klæðleysis, sjónleysis eður annara orsaka. Hæfan gangnamann skal álíta þann, sem gangnaforingi og helmingur gangnamanna með honum tekur gildan. Nú verður einhver gangnamaður sannur að óhlýðni, hirðuleysi eða einhverjum þeim handvömmum, sem honum sjálfum er um að kenna, þá skal það álitið, sem enginn hafi lagður verið til fjallskila í það sinn og varðar það sektum eptir málavöxtum.

14. gr.

Nú vanrækir einhver að gjöra þau fjallskil, sem á hann hafa skiptst, eða leggur ógildan mann til fjallskila og er honum það sjálfrátt, þá varðar það sektum og margfaldast þær ef brotið er ítrekað.

15. gr.

Þrenn fjallskil skulu gjör hvert haust að minnsta kosti, á þeim tíma, sem venjulegt er, og bezt þykir haga í hverri sveit. Því að eins skal gjöra fleiri fjallskil, að brýn nauðsyn krefji, svo sem að fje vanti af afrjettum venju framar, fjallskil hafi mistekizt sökum óveðurs og annað þesskonar. Nú eru gangnamenn komnir á stað í göngur og kemur óveður upp á, svo að göngurnar verða að litlu eða engu gagni, og skal svo álíta, sem engar göngur hafi gjörðar verið í það skipti.

16. gr.

Hver afrjettarbóndi skal skyldur til að gefa oddvita sinnar hreppsnefndar, í síðasta lagi fyrir miðsumar ár hvert, skýrslu um, hverjir noti afrjett hans það sumar, en hver, sem rekur á almenning, eða á fleiri en einn afrjett, eður á frían upprekstur, tilkynni oddvita sinnar hreppsnefndar, hverja afrjetti hann notar ár hvert og fyrir hversu margt geldfje.

17. gr.

Hver hreppsnefnd skal gjöra áætlun um, hvað marga menn þarf til fjallskila á þá afrjetti, er hún á yfir að segja. En að teknu vorframtali búanda ár hvert, skal hún semja skrá yfir alla þá menn í hreppnum, sem fjallskil eiga að gjöra það ár, og hvað hverjum ber til að leggja (sbr. 12. gr). Nú eiga nokkrir búendur að gjöra fjallskil í öðrum hrepp, en þeim, sem þeir eru búsettir í, og skal þá hreppsnefndin tafarlaust senda þeirri hreppsnefnd, sem hlut á að máli, skýrslu um þessa menn og um tölu þess fjár, er þeir eiga á afrjetti, eptir því sem næst verður komizt.

74 18. gr.

3. júní Hver hreppsnefnd skal árlega útnefna einn gangnaforingja fyrir hvern afrjett, sem hún á yfir að segja, eður fleiri, eptir því sem afrjettir eru víðlendir. Enginn getur skorazt undan að vera gangnaforingi 3 ár í senn, nema hann sanni, að hann sje ófær til þess sökum heilsuleysis.

19. gr.

Gangnaforingjar skulu jafnan vera sjálfir í göngunum, nema lögmæt forföll banni, og setur hann þá fullkominn mann í sinn stað að skipa fyrir, hvernig þeim skal haga eptir samkomulagi við fjallskilastjóra. Þeir skipa fyrir um, hvað hver gangnamaður skal ganga hvern dag, sem göngurnar standa yfir. Er hver gangnamaður skyldur til að sýna þeim fullkomna hlýðni, en ef út af því ber, skal kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfnin sjeu rekin með reglu til rjetta og komi þangað í tækan tíma. Þegar á rjett er komið, skulu þeir kveðja svo marga menn, sem með þarf, til að gæta safnsins, þar til fjallskilastjóri er á rjett kominn, eður sá, sem hann hefur þar til sett, og hefir tekið við því. Öll óhlýðni gegn skipunum gangnaforingja varðar sektum eptir málavöxtum.

21. gr.

Hver hreppsnefnd velur 1 mann úr sínum flokki til að hafa yfirstjórn og umsjón allra fjallskilamálefna í hreppnum, og nefnist hann fjallskilastjóri. Hann skal vera sjálfur við aðalrjett í hvert sinn, sem þar er rjettað, en umsjón aukarjetta skal hann fela gangnaforingja eða ábúanda þeirrar jarðar, sem rjettin tilheyrir.

22. gr.

Fjallskilastjóri skal vera kominn til rjettar svo snemma, sem þörf gjörist, hinn fyrsta rjettardag. Skipar hann fyrir um, hvernig fjárdrætti skal haga í rjettinni og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega allt slark og óreglu, sem miðar til að hindra starfa manna í rjettinni.

23. gr.

Til að reka ódregið fje til aðalrjettar frá aukarjettum skal fjallskilastjóri hafa vald til að taka svo marga menn, sem þurfa þykir, sömuleiðis skulu hreppsnefndirnar annast um að hæfilega margir markglöggir menn komi úr hverjum hrepp árdegis þann dag til aðalrjettar, þar skulu þeir í öllu vera háðir stjórn fjallskilastjóra. Enginn má reka burt úr rjett fyr en úrtýningur er uppdreginn, nema fjallskilastjóri leyfi. Úrtýning þann, er eptir kann að verða, þegar upp er dregið, hirðir hann, samkvæmt reglum þeim, sem um það eru settar í þessari reglugjörð. Öll óhlýðni og þrjózka við fjallskilastjóra varðar sektum eptir málavöxtum.

24. gr.

Fjallskilastjóri kveður menn til fjallskila nægum tíma áður en fjallskil byrja. Skal þar tekið fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust, hverjir eru gangnaforingjar á hverjum afrjetti o. s. frv.

25. gr.

Hver búandi er skyldur að hreinsa heimalönd sín og búfjárhaga jafnframt hverjum fjallskilum, þó skal hreppsnefndin veita honum nægan styrk til þess af gangnamönnum, ef víðlendi er mikið. Fjársöfn þau, sem saman koma við hreinsun þessa, skal reka til rjetta þeirra, sem þau heyra undir.

26. gr. 74

Hreppsnefndirnar skulu hver í sínum hreppi gjöra ákvörðun um hreinsun heima- 3. júní
landa og búfjárhaga. Skal það vera aðalregla, að þeir búendur, sem lönd eiga saman, hreinsi lönd sín í sameiningu, á svo stóru svæði, sem hreppsnefndin ákveður, og skal haga hreinsuninni þannig, sem hún skipar fyrir. Nú liggja heimalönd tveggja eða fleiri hreppa saman, skulu þá hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, koma sjer saman um, hvernig hreinsuninni skal haga á því svæði, hvar lönd hreppa liggja saman. Greini þær á um hreinsunina, skal fylgja því sem flest atkvæði eru fyrir.

27. gr.

Nokkru á undan fyrstu fjallskilum haust hvert skal fjallskilastjóri kveðja svo marga menn, sem með þarf til, að fara á þær aðalrjettir, sem næstar eru, til að hirða þar fje hreppsbúa. Skulu þessir sendimenn taka fjeð og reka tafarlaust rjetta leið til þeirrar sveitar, sem það á að ganga. Sjeu rjettir enn eigi afgengnar, þá er með fjeð er komið í sveitina, skulu sendimenn fylgja því alla leið til rjettar, og afhenda það fjallskilastjóra, annars kostar gengur það sem aðrir fjárrekstrar. Svo skal álíta sem hver sendimaður hafi farið í einar eða tvennar göngur eptir því sem fjallskilastjóri til tekur.

28. gr.

Hver maður er skyldur að hirða það fje, sem finnst í heimalöndum og búfjárhögum, eptir að þriðju hausthreinsun er lokið, og reka til næsta bæjar, þá leið, sem það á að ganga. Nú kemur fjárrekstur til manns bæ frá bæ, og er hann skyldur að reka hann tafarlaust þá leið, sem hann á að ganga, nema kveld sje komið eða óveður, svo eigi þyki fært að reka fjeð bæja á milli. Skal þá beita fjenu eða gefa hey ella, unz fært er að reka það. Hver sem sleppir fjárrekstri, eptir að fjallskilum er lokið, verður sekur eptir málavöxtum.

29. gr.

Þá er fjallskilum er lokið skal hverjum fjallskilastjóra skylt að láta gjöra eptirleit á afrjetti hreppsins; en eptir að fjallskilastjóri hefur látið gjöra eptirleit skal hverjum heimilt að gjöra enn eptirleit á hvern þann afrjett eður fjöll við heimalönd, sem hann vill, samt skal hann skýra fjallskilastjóra frá fyrirætlun sinni, og skal forsómun í því efni varða sektum eptir málavöxtum.

30. gr.

Nú finnur hann fje í eptirleit, og sje það eigi áður heimt, skal hann fá 3 óvilhalla menn til að meta það fje undir eið. Svo skal meta það fje sem á blóðvelli sje. Hafa þá eigendur fjárins rjett til að innleysa það, móti því að þeir greiði finnanda í fundarlaun þriðjung virðingarverðs fyrir lömb, fjórðapart verðs fyrir veturgamalt fje og dilkær, og sjöttung verðs fyrir sauði eldri en veturgamla. Kost á eigandi fjárins að slátra því og láta meta á blóðvelli þyki honum virðing of há. Fyrir óheimt fje, sem finnst í heimalöndum eða búfjárhögum skal engin fundarlaun greiða.

31. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað þá brennimerkja á hornum; einnig skal almennt brennimerkja sauðfje með hreppsbrennimarki.

32. gr.

Öll mörk sýslunnar skal rita í eina skrá, og skal prenta hana og útbýta í sýslunni svo víða sem sýslunefndin álítur nægilegt. Nú vill einhver taka upp nýtt fjár-

74 3. júní mark, eða breyta sínu eldra marki, eða flytur inn í sýsluna, skal hann auglýsa mark sitt hreppsnefndunum í tæka tíð. Þeir, sem vanrækja að láta prenta mark sitt í markaskrá sýslunnar í hvert skipti, mega búast við að með fje þeirra sje farið sem með óskilafje.

33. gr.

Ef fje kemur fyrir í fjárrjettum eða heimalöndum, sem ekki finnst eigandi að, þá gengur það til fjallskilastjóra og hirðir hann það, sem sitt eigið fje til hreppaskila, hvar það verður selt við uppboð, þó með því skilyrði, að ef eigandi fjárins spyrst upp er honum heimilt að fá eign sína innan októberloka s. á., ef hann borgar fyrirhöfn og hirðingu. Því fje, sem þannig er selt, skal fjallskilastjóri lýsa í næsta prentuðu blaði með mörkum, lit, aldri og einkennum.

Hafi enginn leitt sig eiganda að fjenu að missiri liðnu frá því auglýsingin um það kom út í blaðinu falla $^2/_3$ verðs í hlutaðeigandi sveitarsjóð að frádregnum öllum kostnaði. Með afeyrðar kyndur eða ormjetnar, eða sje mark svo skemmt, að því verði ekki lýst, skal fara sem annað eigandalaust fje. Um ómerkinga fer svo sem í lögum er fyrirmælt, eða venja er fyrir á hverjum stað.

34. gr.

Nú ætlar einhver, að hann muni eiga kind, sem er ómörkuð eða afeyrð eða ormjetin, og fer hann þá til þess fjallskilastjóra, sem hlut á að máli og lýsir fyrir honum þeim einkennum, sem hann hyggur vera á kindinni. Þyki fjallskilastjóra líkur til, eptir lýsingunni, að hann muni eiga kindina, skal honum gjörður kostur á, að helga sjer hana með eiði. Gangi hann frá eiði missir hann kindarinnar.

35. gr.

Hreppsnefndin í hverjum hreppi skal gjöra ráðstöfun fyrir því, að stóðhrossum og trippum sje smalað af afrjettum og heimalöndum áður en fjallskilum er lokið, og draga sundur í rjettum.

36. gr.

Öll óskilahross og trippi, sem eptir verða við rjettun hrossanna, og koma fyrir af fjalllöndum eða í byggðum að vetrinum eptir rjettir, skulu meðhöndlast að öllu leyti sem fyrir er mælt um óskilafje í reglugjörð þessari, nema hrossin skulu seljast með 3 vikna auglýsingarfresti fyrir söludag. Nú þarf að hafa hrossin í vöktun, og má þá vöktunarkaup hvers hross fyrir sig ekki yfirstíga 10 aura um sólarhring hvern, nema hafa þurfi það í húsi og á heyi.

37. gr.

Hver sá, sem á graðneyti eldra enn ársgamalt, skal skyldur til að hafa það á afrjetti, frá fráfærum til fyrstu fjallskila ár hvert, nema hreppsnefnd og nábúar leyfi, að öðruvísi sje. Brjóti nokkur móti þessu varðar það sektum eptir málavöxtum.

38. gr.

Hver hreppsnefnd haldi sjerskilda fjallskilabók, staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Í hana skal rita, auk þess, sem áður er talið, fjallskilaskrár þær, sem nefndar eru í 17. gr. og allar þær ákvarðanir sem hreppsnefndin gjörir um fjallskilamálefni. Oddviti sýslunefndarinnar getur heimtað endurrit af fjallskilabókinni, hvenær sem með þarf.

II. Kafli

Um melrakkaveiðar.

39. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi er skyld til að eyða melrökkum í afrjettum og heimalöndum sveitarinnar á allan hátt, svo sem með því, að láta vandlega leita grenja á hverju vori, og fá skotmenn til að vinna melrakka þá, er þar hafast við, og hvolpa þeirra, og með því að láta bera út eitrað agn fyrir melrakka á hverju ári, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem með þarf. Alla aðalframkvæmd og umsjá þessa starfa hefur einn maður á hendi í hverri hreppsnefnd, og nefnist hann melrakkaveiðastjóri.

40 gr.

Hreppsnefndin skal skipta allri landeign hreppsins, bæði heimalöndum og afrjettum, í hæfilega margar og stórar melrakkaleitir, og ritar melrakkaveiðastjóri skrá yfir þær með tölu og ummerkjum í melrakkabókina. Þar skal telja upp öll þau greni, sem menn þekkja að sjeu í landeign hreppsins, og í hverri melrakkaleit sjerílagi, með stuttri lýsing á hverju greni og afstöðu þess. Finnist síðar ný greni, skal þess nákvæmlega getið í melrakkabókinni. Áætlun skal nefndin gjöra um það, hve marga menn þarf í leit hverja og skal rita hana í melrakkabókina.

41. gr.

Hreppsnefndin útnefnir svo margar melrakkaskyttur fyrir hreppinn, sem hún álítur að með þurfi, og skal rita nöfn þeirra og heimili í melrakkabókina. Skyldur er hver innanhreppsmaður, sem hreppsnefndin útnefnir fyrir melrakkaskyttu, að hafa þann starfa á hendi i 3 ár í senn. Skal melrakkastjóri aðvara hvern þeirra í tækan tíma að vera viðbúinn að fara á gren í þann tíma, sem von er til, að melrakkar haldi sig þar. Líta skal og melrakkastjóri eptir því, að þessir menn hafi byssur og skotfæri í góðu lagi. Einnig skal sjá um, að ungir menn, sem kunna að fara með byssu, sjeu einkum til þess fengnir, að liggja við greni með melrakkaskyttum til að læra af þeim. Nú er eigi hæfilega menn að fá innanhrepps fyrir melrakkaskyttur, og er þá hreppsnefndinni heimilt að ráða utanhreppsmenn til þeirra starfa, ef kostur er á.

42. gr.

Á hverju vori skal hreppsnefndin nefna til einn leitarforingja fyrir hverja melrakkaleit og skipa fyrir um, hvað marga menn hver búandi í hreppnum skal leggja til að leita grenja á því vori, og í hverri leit. Þessa skipun færir melrakkastjóri þegar inn í melrakkabókina og ritar hverjum leitarforingja samstundis, það sem honum er þörf á að vita í þessu tilliti.

43. gr.

Þegar hreppsnefndin ákveður um grenjaleitir og hvað hver ábúandi í hreppnum á að leggja til þeirra, skal farið eptir fjenaðartölu hvers búanda, eptir því sem næst verður komizt, eða eptir hinu síðasta framtali þeirra til búnaðarskýrslnanna að lömbum viðbættum. Nú hafa einstakir menn, eða einstakir hreppar upprekstur í öðrum hrepp en þeir eru búsettir í, og eru þeir þá skyldir til að gjöra grenjaleit á þann afrjett, sem þeir reka í, og eptir þeim reglum, sem þar er fylgt. Tillög þeirra til grenjaleitanna skulu gjörð eptir skýrslum þeim, sem nefndar eru í 17. gr.

44. gr.

Tvær reglulegar grenjaleitir skal gjöra á hverju vori, hina fyrri um fardaga leiti

74 3. júní og hina síðari um fráfærur. Ákveður melrakkastjóri leitardagana nákvæmar í hvert skipti með samkomulagi við leitarforingja. Skal jafnan leita sama dag í öllum melrakkaleitum hreppsins, þegar því verður viðkomið, og eins skulu melrakkastjórar þeirra hreppa, er saman liggja, reyna að koma sjer saman um að taka sömu daga til leitanna, hver í sínum hreppi. Þyki melrakkastjóra nauðsyn til bera, skal hann ákveðan aukaleit á þeim tíma og á því svæði, er hann álítur þurfa.

45. gr.

Hver leitarforingi skal aðvara alla þá búendur í tækan tíma, sem leggja eiga til leitarmenn með honum, og ákveður hann stund og stað, þar sem leitarmenn skulu koma saman. Skyldir eru allir sveitarmenn að bera boð um þetta efni sem þingboð. Mæti einhver leitarmanna ekki á ákveðnum stað og stundu, eða ef einhver sá, er mætir, er eigi hæfur til að vera í leitinni, — en hæfa leitarmenn ber að álíta þá, sem hæfir eru til fjallskila (sbr. 13. gr.), og svo eru útbúnir sem með þarf — eða ef hundar eru hafðir í grenjaleitum varðar það sektum.

46. gr.

Hver leitarforingi skal vera sjálfur í grenjaleit með leitarmönnum sínum. Skal leita vandlega í öllum fornum grenjum í hverri melrakkaleit, og athuga jafnframt sem nákvæmast hvort þar sjeu ekki ný greni. Leitarforingi skal skipa fyrir um það, hvar og hvernig hver leitarmaður skuli ganga og sjá um, að þeir fylgi allir þeim reglum, sem hann setur. Þegar því verður viðkomið skal melrakkaskytta vera í leitinni með skotfæri sín, til þess að leggjast þegar í stað við greni, ef það finnst með melrökkum í. Leitarforingi skipar fyrir um það, hver leitarmanna liggja skal við greni með skotmanni; en sje hann eigi í leitinni sendir leitarforingi, ef þörf gjörist, einn af leitarmönnum tafarlaust til hans, en setur annan til að gæta grensins á meðan. Sjá skal leitarforingi um, að þeir, sem við greni liggja, sjeu svo útbúnir, að þeir geti legið þar í hverju veðri sem er, svo lengi sem með þarf.

47. gr.

Skotmaður og aðstoðarmaður hans skulu með allri kostgæfni leitast við að drepa melrakka þá, er halda við grenið og beita til þess öllum þeim brögðum, sem þeir eiga kost á. Eigi mega þeir yfirgefa greni, fyrr en þeir annaðhvort hafa unnið það að fullu eða að öðrum kosti legið við það 3 sólarhringa fulla, og gjört allt það í þeirra valdi stóð til að vinna það. Hvolpunum skulu þeir leitast við að ná út úr greninu án þess að umróta því, en náist þeir eigi, skulu þeir þó reyna að drepa þá með eitri, eða með því að bræla þá inni í greninu ef því verður viðkomið.

48. gr.

Jafnskjótt og skotmaður er heim kominn af greni skal hann skýra melrakkastjóra brjeflega eða munnlega frá, hvað lengi hann hefur við grenið legið, hverja aðferð hann hefur þar viðhaft og hvað honum hefur orðið ágengt. Með skýrslu sinni skal hann láta fylgja skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er hann hefur unnið að því sinni, til sannindamerkis. Vanræki skotmaður að gefa skýrslu þessa í tækan tíma, hefur hann fyrirgjört því endurgjaldi, er honum annars ber fyrir veru sína á greninu.

49. gr.

Skotmaður skal fá að launum fyrir hver 2 dægur, sem hann er frá heimili sínu, til að vinna greni, 5 álnir eptir meðalverði verðlagsskrár ár hvert og aðstoðarmaður hans 4 álnir, en sjálfir skulu þeir sjá sjer fyrir skotfærum, fæði og hverju öðru, er

74
3. júní

þeir meðþurfa, til þess að liggja forsvaranlega við greni. Ef þeir eru leitarmenn og leggjast við greni, fá þeir engin laun fyrir þann tíma, sem á leitinni stendur. Auk daglauna fær skotmaður 3 krónur fyrir hvern fullorðinn melrakka, er hann vinnur við greni og 25 aura fyrir hvern hvolp.

50. gr.

Jafnskjótt og hverri grenjaleit er lokið, og búið er að gera tilraun til að vinna greni þau, er fundizt hafa, skal leitarforingi senda melrakkaveiðastjóra skrifaða skýrslu um það, er gjörzt hefur í leit hans. Skal hann þar til greina hvern dag leitað var, hverjir í leitinni voru, hvort nokkurn leitarmanna vantaði, eða hvort nokkur þeirra var álitinn óhæfur, hvernig leitin fór fram, hvort nokkurt greni fannst með melrökkum í, hvort það var unnið að nokkru eða öllu leyti og af hverjum, og hvað lengi legið var við það. Sendir leitarforingi með skýrslu sinni skott eða hauskúpu melrakka þeirra, er unnizt hafa í leit hans, og skal safna þeim saman, telja þau og síðan eyða á haustfundi hreppsnefndarinnar.

51. gr.

Finni einhver greni með melrökkum í, áður en grenjaleit er gjörð, eða milli leita, eða eptir að grenjaleit er lokið, skal hann tafarlaust gjöra leitarforingja eða melrakkaveiðastjóra varan við. Skal þá jafnframt fá skotmann og aðstoðarmann með honum, til að vinna það greni, og fer um það eins og áður segir um greni, sem finnst í leit. Þeim er þannig finnur greni utan grenjaleitar, má veita hæfilega þóknun, þyki hreppsnefndinni ástæða til þess.

52. gr.

Nú finnur einhver greni á þann hátt, sem um er rætt í næstu grein á undan, og lætur ekki leitarforingja nje melrakkaveiðastjóra vita, eða leggst sjálfur á grenið heimildarlaust, og annaðhvort vinnur ekkert eða spillir greninu á einhvern hátt — þá verður hann sekur eptir málavöxtum.

53. gr.

Nú leggst bitvargur á fje manna, annaðhvort í afrjettum eða heimalöndum á hverjum tíma árs sem er, og skal þá melrakkaveiðastjóri fá skotmann til að eyða þeim bitvargi fyrir sanngjarnt kaup, ef þess má auðið verða. Hreppsnefndin skal á fundi ákveða hver verðlaun skal veita þeim, er þannig eyðir bitvargi. Á sama hátt skal hún og ákveða verðlaun fyrir veiði annara melrakka, sem drepnir eru í hreppnum annarstaðar en við greni, og á þeim tíma árs, þegar melrakkinn er einkis virði.

54, gr.

Auk þess skal melrakkaveiðastjóri stuðla til þess, að reyndar sjeu á vetrum melrakkaveiðar með dýrabogum, refagildrum eða með því að halda uppá skotkofa, hvar legið sje í til að skjóta melrakka við útburð; einnig með því, að ala upp og venja hunda á að taka melrakka allt eptir því, sem hverjum tíma heyrir, og bezt hagar á hverjum stað. Það sem gjört er í hreppnum á þenna hátt, skal rita árlega í melrakkabókina og hvern árangur það hefur.

55. gr.

Hverjum, sem sýnir afbragðsdugnað í melrakkaveiðum, eða kennir öðrum góða aðferð við þær, má hreppsnefndin veita verðlaun eptir atvikum, og skal hún ennfremur, ef henni þykir sem slíkur maður eigi sjer fáa eða enga jafningja innan sýslu við melrakkaveiðar, skýra sýslunefndinni sjerstaklega frá framkvæmdum hans, svo sýslunefndin

22. dag júlímán. 1891.

Reykjavík. Prentsmiðja Ísafoldar 1891.

74 geti gjört að álitum, hvort hún vill sýna slíkum manni sjerlega viðurkenningu
3. júní sína.

56. gr.

Melrakkaveiðastjóri hvers hrepps skal á hverju ári gangast fyrir því, að eitrað agn sje borið út fyrir melrakka, svo mikið og á svo mörgum stöðum, sem álízt að purfa muni til að eyða melrökkum í hverju byggðarlagi. Skal fela þeim mönnum á hendur að búa agnið undir og bera það út, sem því verki eru vanastir og bezt er trúandi fyrir því. Til agns fyrir melrakka skal einkum hafa heila kindarskrokka með höfði og hári, einnig höfuð af kindum og feita hrossskrokka, og skal þá láta blóðið innan í skrokkinn með nægu eitri í. Allskonar fugla í heilu líki skal hafa fyrir agn, og sje eitrið látið innan í skrokkinn, og hann saumaður saman, svo heill sýnist. Gott er að strá fuglaeggjum á víðavang, sem eitur er látið í, og eins að bera þau inn í greni fyrir hvolpa. Í viðlögum má og bera út belgi fyllta með eitruð innyfli úr hrossum eða öðrum dýrum, og sje ullin látin vera kyrr á belgnum. Eitrið skal jafnaðarlega vera smátt saxaðar refakökur, og er gott að blanda þar við öðru sterkara eitri, sem fæst í lyfjabúðum. Geta skal þess í melrakkabókinni, hvað unnið er á ári hverju að eitrun fyrir melrakka og hvern árangur það hefur.

57. gr.

Þar sem heimalönd eða afrjettir tveggja eða fleiri hreppa liggja saman, skulu melrakkaveiðastjórar þessara hreppa eiga fund með sjer, að minnstakosti einu sinni á ári, til að ræða um og koma sjer niður á hve mikinn útburð fyrir melrakka skal viðhafa það ár, hvernig útburðinum skal haga, og hvað víða niðursetja, og sömuleiðis um hverjar aðrar veiðibrellur, sem hugsanlegar þykja, eða fundið kann að verða uppá, til að eyða melrökkum. Sýni melrakkaveiðastjóri, eða einhver annar sem trúað er fyrir melrakkaveiðinni óhlýðni eða hirðuleysi í þeirri grein, varðar það sektum eptir málavöxtum.

58. gr.

Á hverju hausti skal hreppsnefndin semja reikning yfir allan þann kostnað, sem er áfallinn það ár fyrir grenjavinningar og aðrar melrakkaveiðar í hreppnum, einnig til verðlauna fyrir þær og það sem gengið hefur í kostnað við eitrun og útburð. Skal rita reikning þenna í melrakkabókina eins og allt annað, sem hreppsnefndin og melrakkaveiðastjóri gjöra og ráðstafa í þessu máli. Allan kostnað sem leiðir af melrakkaveiðinni skal greiða úr sveitarsjóði hvers hrepps.

59. gr.

Þar sem ekki eru til löggiltar melrakkabækur, skal hreppsnefndin tafarlaust útvega melrakkabók og fá hana staðfesta af oddvita sýslunefndarinnar. Er hver hreppsnefnd skyld til, að gefa honum endurrit af melrakkabókinni, þegar hann krefst þess.

III. Kafli.
Álmenn ákvörðun.

60. gr.

Fyrir öll brot gegn reglugjörð þessari koma sektir frá 1—200 kr., sem renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið; þó skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, eða uppljóstrarmenn, hljóta allt að því helming sektarfjárins.

Með afbrot gegn reglugjörð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Amtsráð norður- og austuramtsins. Akureyri, 3. júní 1891.

J. Havsteen. Einar Ásmundsson. Ólafur Briem.